




Reykjavík, 03. júlí 2025
USK25060363

Sogavegur 3 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM

Lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar, dags. 25. júní 2025, um stækkun lóðarinnar nr. 3 við Sogaveg, samkvæmt uppd. K.J. ARK slf, dags. 24. júní 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Afstöðumynd

Skipulag í gildi



Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 5 – Háaleiti - Bústaðir og er hluti af verslunar- og þjónustusvæði, VP54.

Deiliskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag lóðina.

Umsögn

Enn og aftur er óskað eftir að stækka lóð nr. 3 við Sogaveg. Frá 2008, þegar samþykkt var að innrétta fiskbúð í húsinu, hafa verið til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúanum og byggingarfulltrúanum í Reykjavík fjöldi erinda er varða stækkun lóðar og breytta uppbyggingu á lóðinni.


Árið 2023 var lóð stækkuð um 303 m² sbr. mæliblað, dags. 23.03.2023, hér fyrir neðan.




Reykjavík



Premur mánuðum seinna barst svo ný fyrirspurn um stækkun lóðar til vesturs og norðs. Tekið var neikvætt í þá fyrirspurn, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 03.08.2023, einkum vegna stækkunar til norðs og frágröft frá kjallara.



Fyrirspurn um stækkun lóðar 2023



Ný fyrirspurn um stækkun lóðar 2025

Í maí s.l. var tekið jákvætt í fyrirspurn, USK25030305, um aukið byggingarmagn í kjallara með umsögn dags. 29.04.2025, þar sem það hefði ekki áhrif á ásynd lóðar og bygginga ofan jarðar. Líkt og í umsögnum skipulagsfulltrúa við flest þau erindi sem borist hafa vegna þessarar lóðar var jafnframt tekið fram að umfang starfsemi skuli einungis miðuð við starfsemi fiskbúðar á lóðinni, en ekki er heimilt að hafa þarna fiskvinnslu fyrir aðrar fiskverslanir.

Nú liggur fyrir fyrirspurn um stækkun lóðar til vesturs, sbr. mynd hér að ofan, og tilgreint að stækkun sé eingöngu hugsuð til að einfalda afmörkun lóðar með grindverki. Ekki fæst séð að gerð grindverks sé það flókin framkvæmd að kalli á stækkun lóðar. Því er neikvætt tekið í erindi og jafnframt bent á að lóðin er nú þegar nægilega stór fyrir rekstur fiskbúðar. Það er áréttað hér, líkt og í fyrri umsögnum, að fiskvinnsla á lóðinni fyrir aðrar fiskverslanir er ekki heimil.

Niðurstaða

Neikvætt er tekið í fyrirspurn um stækkun lóðar.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur